




Afstöðumynd
1:500



BYGGINGARLÝSING

a. ALMENNT:

Viðbygging við Suðurgötu 35b
Landnúmer: 122527
Staðgreinir: 1400-1-84700352
Byggingin er í notkunarlokki 3

Sótt er um leyfi til þess að byggja við einbýlishús. Um er að ræða hús frá 1921 á tveimur hæðum hannað af Gesti Einarssyni. Ofan á steypum kjallara er bárujárnsklætt timburhús. Breytingar fela í sér viðbyggingu til vesturs. Neðri hæð viðbyggingar er að hluta niðurgráfin og byggð inn í landhallann. Vegna aldurs hússins var óskað eftir umsögn frá Minjastofnun um framkvæmdina. Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við að reist verði viðbygging á lóðinni, fyrir aftan húsið. Ekki er gerð krafa um algilda hönnun fyrir þessa íbúð.

b. Eftir stækkun skiptist íbúðin í eftirfarandi: anddyri og baðherbergi á neðri hæð núverandi húss og vinnustofu með séringgangi á efri hæð. Á neðri hæð viðbyggingar er stofa og eldhús en svefnálma með baðherbergi og svölum á efri hæð. Viðbyggingin tengist gamla húsinu með tengibyggingu á jarðhæð.

c. STÆRÐIR

Brúttóflötur og brúttórúmmál hússins eru eftirfarandi:

Núverandi	
Neðri hæð :	30.0 m ² og 69.2 m ³
Efri hæð :	27.4 m ² og 65.4 m ³
Samtals:	57.4 m ² og 134.6 m ³
Nýtingarhlutfall:	0.14

Eftir stækkun	
Neðri hæð :	89.1 m ² og 219.6 m ³
Efri hæð :	69.7 m ² og 196.9 m ³
Samtals:	158.8 m ² og 435.2 m ³
Nýtingarhlutfall:	0.40

d. Lóðastærð : 398.8 m²
Bílastæði : 0

e. BURÐARVIRKI

Veggir og gólf neðri hæðar eru staðsteypt. Milligólf, veggir og þak eru úr timbri. Stigar eru úr járni og timbri.

f. VEDURKÁPA

Veggir á neðri hæð viðbyggingar eru sjónsteyptir og ómálaðir. Veggir og þak á efri hæð eru klæddir ómálaðri aluzink báru. Ásoðinn PVC dúkur verður í svalagólfi og hann hulinn mól. Utanhússfrágangur eldri byggingar helst óbreyttur.

f. GLUGGAR OG HURÐIR

Allir gluggar og hurðir verða úr timbri með tvöföldu K-gleri. Opnanleg fög og hurðir eru með opunarstillingum til útlöftunar. Öryggisgler er í gólfsíðum gluggum og hurðum. Í þaki tengibyggingar er glerrúða, einangrað K-gler með samlimdu hertu gleri. Gert er ráð fyrir veðurhlífum yfir glugga á efri hæð að utanverðu en gluggastærðir uppfylla 1/10 hluta gólfplatara sbr. 3.mgr. 6.7.2.gr. byggingarreglugerðar.

g. HANDRÍÐI

Tröppur, stigar, handriði og handlistar skulu unnir eftir leiðbeiningum mannvirkjastofnunar. Handriði stiga og palla í viðbyggingu eru úr járni. Handriði eldri byggingar eru úr timbri, innan sem utanhúss.

h. EINANGRUN

Sökkklar eru einangraðir með 100mm einangrun 500mm niður fyrir botnplötu. Botnplata er einangruð með 100mm plasteinangrun. Steyptir veggir eru einangraðir að innan með 100mm plasteinangrun. Timburveggir eru einangraðir með 145mm steinull. Þak er einangrað með 220mm steinull. Gólf ljósgarðs er einangrað með 220mm steinull. Kuldabrá milli sökkuls og botnplötu verður slitin með 25mm sökkulull.

i. FRÁGANGUR INNHÚSS

Útveggir á neðri hæð eru sléttþússaðir og gólf úr steini. Innveggir eru gipsklæddir og einangraðir steinull. Loft, útveggir og gólf á efri hæð eru klædd timburborðum. Í votrymum eru veggir hlaðnir úr vikursteini. Öll byggingarefni skulu vera að lágmarki í flokki 2. Hindrunarlaus mál hurða skulu vera að lágmarki 80cm á breidd og 200cm á hæð.

k. LAGNIR OG UPPHITUN

Lagnaleiðir eru að mestu fyrirhugaðar í veggjum og í plötu. Inntök, stofnkranar og mælur verða aðgengilegir undir útitróppum í eldri byggingu. Hiti verður í gólfum á neðri hæð og ofnar á efri hæð. Snjóbræðsla er undir hellulögn við hús. Lofttræsting er um opnanleg fög og vélræn úr baði, eldhúsi og þvottahúsi. Engar rennur verða á viðbyggingu en ofanvatn lendir annars vegar á drenmöl þar sem drenlagnir taka svo við því óhindrað og hins vegar á hellum nálægt rist sem veitir því frá.

i. BRUNAVARNIR

Berandi byggingarhlutar, svo sem útveggir, milliveggir, súlur, bitar og hæðaskil skulu vera a.m.k. REI30. Flóttaleiðir úr svefnherbergjum eru um björgunarop (0.7m x 1,5m) með beinu aðgengi að lóð á austurhlíð. Reykskynjarar eru í öllum íverurýmum. Handslökkvitæki verða í anddyrum efri og neðri hæðar og í eldhúsi. Yfirborðsefni skulu vera að lágmarki í flokki 2. Gler út að svölum skal vera EW30. Eldstæði og reykhatúr skulu uppfylla kröfur um eldvarnir samkvæmt byggingarreglugerð, greinum 9.6.5. og 9.6.6.

m. HLJÓÐVIST

Byggingin mun fullnægja kröfum sem gerðar eru um hljóðvist í grein 11.1.2, hljóðvistarflokk C hið minnsta.

q. LÓÐ

Skipulag á lóð helst í meginráttum óbreytt. Aðkoma að íbúð verður færð á neðri hæð núverandi húss. Hjólaskýli verður á norðurhluta lóðar. Sorpskýli verður á austurhluta. Setlaug verður með loki og allur frágangur samkvæmt byggingarreglugerð. Hellulagt verður að viðbyggingu. Lokafrágangur á lóðamörkum verður unninn í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

KÓLNUNARTÖLUR

Niðurstöður varmatapsútreikninga eru eftirfarandi:

(með fyrirvara um einangrun eldra húss)	
Steyptir útveggir, nýbygging:	U = 0.33
Steyptir útveggir, núverandi hús:	U = 0.42
Léttir útveggir, nýbygging:	U = 0.28
Léttir útveggir, núverandi hús:	U = 0.40
Þakvirki, nýbygging:	U = 0.19
Þakvirki, núverandi hús:	U = 0.38
Botnplata, nýbygging:	U = 0.24
Botnplata, núverandi hús:	U = 0.35
Hurðir:	U = 1.50
Gluggar:	U = 1.73

Heildarvarmatap á fermetra húss er 1,19 W/m² °C

Samykkt þann
10. MAR. 2021

Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Hilmar Þrymudóttir

Skýringar:

L - Kóti á lóðamörkum

Útgáfa: lýsing: teikn: yfirf: dags:

A	Teikn. uppfærðar.	DSS	HSS	16.06.20
B	BO. stækkuð, breytingar á	DSS	HSS	24.02.21
-	texta í lið k og l. Grafík í	-	-	-
-	afstöðumund lagfærð	-	-	-
C	Letur stækkað á afstöðumynd	DSS	HSS	03.03.21

SHS
9.03.2021

verk:
Suðurgata 35b

teikning:
Aðalteikning 1 af 5

Efni: afstöðumynd,
byggingarlýsing

unnið: yfirf: útgáfa:
DSS HSS C

mkv: 1:500 @A2 númer:
A-01

Hjördis Sóley Sigurðardóttir arkitekt FAÍ
kt: 220376-3389 gsm: 820 4197 hjordissoley@internet.is